

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um skilgreiningar á hlutlægum viðmiðum
í kynferðisbrotamálum.

Frá Brynhildi Björnsdóttur.

- Hvaða hlutlægu viðmið telur ráðherra liggja að baki orðinu „langdregið“ annars vegar og orðunum „harkalegt kynlíf“ hins vegar eins og þau koma fram í dómaframkvæmd kynferðisbrotamála og hvaða áverka má rekja til þess athæfis sem þessi orð lýsa?
- Hvar liggja skilin milli harkalegs kynlífs og nauðgunar eða annars ofbeldis samkvæmt gildandi löggjöf?
- Hvenær var hugtakinu „harkalegt kynlíf“ fyrst beitt sem málsvörn í kynferðisbrotamáli, hversu oft hefur hugtakið komið fyrir í dómsmálum um kynferðisofbeldi síðan og er að merkja aukna tíðni notkunar frá því að þeirri málsvörn var fyrst beitt?
- Hversu oft hefur kæra um kynferðisofbeldi verið felld niður á grundvelli þess að um harkalegt kynlíf hafi verið að ræða?

Skriflegt svar óskast.